

ON Power ohf.
Ársreikningur 2019
USD

ON Power ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 521213-0190

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

ON Power ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Félagið framleiðir rafmagn og varmaorku auk sölu rafmagns til stóriðju.

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 60,4 (2018: 92,2 ársverk).

Hagnaður af rekstri ON Power ohf. á árinu 2019 nam 5,0 milljónum USD (2018: 47,6 milljónir USD). Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í árslok 863,7 milljónum USD (31.12.2018: 1.117,9 milljónum USD). Eigið fé nam 421,4 USD í árslok (31.12.2018: 546,0 milljónir USD) og er eiginfjárhlutfall félagsins 48,8% (31.12.2018: 48,8%)

Þann 1. janúar 2019 var starfsemi Orku náttúrunnar ohf. skipt í tvö félög, annars vegar Orku náttúrunnar ohf, sem er með starfrækslugjaldmiðil íslenska krónu, og hins vegar í ON Power ohf, sem er með starfrækslugjaldmiðil bandaríkjadollar. Í skýringum 1 og 3 með ársreikningi er að finna nánari upplýsingar um uppskiptingu félagsins.

Félagið er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur - Eigna ohf., en það félag er að fullu í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til eiganda félagsins á árinu 2020 vegna rekstrar á árinu 2019 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar.

Orkuveita Reykjavíkur sér um áhættustýringu félagsins og fjallað er um áhættustýringu í skýringum 28 til og með 32 í samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

Samhliða samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur var gefin út ársskýrsla OR 2019. Skýrslan er samþætt og unnin í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq OMX Nordic. Í henni er gerð grein fyrir stjórnarháttum, umhverfismálum, starfsmannamálum og félagsmálum eins og krafa er gerð um í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir viðskiptalíkani OR samstæðunnar, helstu viðskiptaferlum og hagsmunaaðilum að rekstrinum. Í henni er gerð grein fyrir mannréttindastefnu OR og hvernig OR spornar við svikum og mútum. Þá eru í henni ávörp stjórnarformanns og forstjóra. Í viðauka með samstæðuársreikningi OR á bls. 63 er gerð nánari grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum.

Vegna Covid-19 veirunnar er ljóst að faraldurinn muni hafa áhrif á efnahagslíf Íslands og heimsins. ON Power gerir reglulega álagspróf þar sem gert er ráð fyrir gengisfalli, lækkun álverðs og verðbólgu. Sjóðsstaða er sterk um þessar mundir. Félagið er vel rekstrarhæft og getur vel tekið á sig áföll um fyrirsjáanlega framtíð.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra ON Power ohf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu 2019.

Stjórn og framkvæmdastjóri ON Power ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Reykjavík, 19. mars 2020

Í stjórn félagsins:

Elísabet Hjaltadóttir
Hólmi Friður Sigurðardóttir
Sveinbjörn Björnsson
Hildigunnur Thorsteinsson
Jakob Sigurður Friðriksson

Framkvæmdastjóri:
Berglind Rán Ólafsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa ON Power ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ON Power ohf. („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfylfum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar taka til upplýsinga í ársskýrslu, þó ekki ársreiknings og áritun óháðs endurskoðanda. Álit okkar nær ekki til upplýsinga í ársskýrslu eða annarra upplýsinga sem félagið gefur út. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni ársskýrslunnar og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli hennar og ársreikningsins, hvort upplýsingar í ársskýrslu séu í andstöðu við þær upplýsingar sem við höfum aflað við endurskoðun okkar eða hvort í ársskýrslunni séu verulegar villur.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningsins með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 19. mars 2020

Davíð Arnar Einarsson

Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur	4	77.021	174.703
Orkukaup og flutningur	5	(13.364)	(37.660)
Laun og launatengd gjöld	6	(4.451)	(10.611)
Annar rekstrarkostnaður	7	(13.825)	(27.399)
Rekstrarkostnaður samtals		(31.639)	(75.670)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		45.382	99.033
Afskriftir	9	(24.411)	(33.314)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		20.971	65.719
Vaxtatekjur		1.070	2.192
Vaxtagjöld		(16.339)	(25.428)
Gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga	10	479	6.425
Gengismunur		(23)	8.435
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		(14.812)	(8.375)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		6.159	57.344
Tekjuskattur	8	(1.168)	(9.785)
Hagnaður ársins		4.990	47.559

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	9	811.155	1.050.989
Áhættuvarnarsamningar	10	1.811	980
Fastafjármunir samtals		<u>812.967</u>	<u>1.051.970</u>
Viðskiptakröfur	11	4.201	11.176
Áhættuvarnarsamningar	10	5.119	6.675
Aðrar skammtímakröfur	11	45	1.349
Kröfur á tengd félög	16	34.227	46.241
Handbært fé	12	7.142	509
Veltufjármunir samtals		<u>50.733</u>	<u>65.950</u>
Eignir samtals		<u><u>863.700</u></u>	<u><u>1.117.920</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé		199.948	217.369
Endurmatsreikningur		112.279	216.410
Lögbundinn varasjóður		10.459	10.826
Óráðstafað eigið fé		98.693	101.411
Eigið fé samtals		<u>421.379</u>	<u>546.016</u>
Skuldir			
Langtímalán frá tengdum félögum	13	345.175	476.611
Áhættuvarnarsamningar	10	5.613	5.022
Tekjuskattsskuldbinding	14	22.298	42.654
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		<u>373.086</u>	<u>524.288</u>
Viðskiptaskuldir	15	8.128	10.549
Næsta árs afborgun langtímalána við tengd félög	13	19.176	23.854
Ógreiddir reiknaðir skattar		1.627	6.782
Áhættuvarnarsamningar	10	1.119	87
Aðrar skammtímaskuldir	15	1.827	2.737
Skuldir við tengd félög	16	37.357	3.607
Skammtímaskuldir samtals		<u>69.235</u>	<u>47.616</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>442.321</u>	<u>571.903</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>863.700</u></u>	<u><u>1.117.920</u></u>

Eiginfjáryfirlit 2019

Árið 2019	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2019	217.369	216.410	10.826	101.411	546.016
Millifærsla vegna uppskiptingar	(17.422)	(128.006)	(866)	(592)	(146.886)
Endurmat, hækkun		31.573			31.573
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(6.315)			(6.315)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.728)		1.728	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		346		(346)	0
Framlag í lögbundinn varasjóð			499	(499)	0
Hagnaður ársins				4.990	4.990
Greiddur arður				(8.000)	(8.000)
Eigið fé 31. desember 2019	199.948	112.279	10.459	98.693	421.379

Árið 2018

Eigið fé 1. janúar 2018	217.369	166.675	6.070	67.652	457.766
Endurmat, hækkun		72.115			72.115
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(14.423)			(14.423)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(9.670)		9.670	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		1.713		(1.713)	0
Framlag í lögbundinn varasjóð			4.756	(4.756)	0
Hagnaður ársins				47.559	47.559
Greiddur arður				(17.000)	(17.000)
Eigið fé 31. desember 2018	217.369	216.410	10.826	101.411	546.016

Sjóðstreymisýfirlit 2019

	skýr.	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		4.990	47.559
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		14.812	8.375
Tekjuskattur	8	1.168	9.785
Afskriftir	9	24.411	33.314
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		45.382	99.033
Birgðir, lækkun		0	324
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		5.990	(2.332)
Skammtímaskuldir, lækkun	(1.237)	(4.734)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		50.134	92.291
Innborgaðar vaxtatekjur		1.070	2.192
Greidd vaxtagjöld	(16.339)	(21.054)
Innborganir (greiðslur) vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda		2.317	(2.592)
Greiddir skattar	(6.271)	(7.263)
Handbært fé frá rekstri		30.912	63.575
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(31.831)	(42.114)
Fé í ávöxtun hjá tengdum félögum		34.764	19.929
Fjárfestingarhreyfingar		2.933	(22.186)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki	(19.176)	(24.450)
Greiddur arður	(8.000)	(17.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(27.176)	(41.450)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		6.668	(61)
Handbært fé í ársbyrjun		509	670
Gengismunur handbærs fjár	(35)	(100)
Handbært fé í árslok	12	7.142	509
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		717	(1.204)
Skammtímaskuldir, breyting	(717)	(1.204)
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé frá rekstri		30.062	88.767
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Hagnaður ársins		4.990	47.559
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		24.411	33.314
Verðbætur og gengismunur lána		0	(9.633)
Tekjuskattsskuldbinding		626	17.427
Gengismunur af handbæru fé		35	100
Veltufé frá rekstri		30.062	88.767

Skýringar

1. Félagið

ON Power ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er að fullu í eigu OR Eigna ohf. og er ársreikningur félagsins hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

Þann 1. janúar 2019 var starfsemi Orku náttúrunnar ohf. skipt í tvö félög, annars vegar Orku náttúrunnar ohf, sem er með starfrækslugjaldmiðil íslenska krónu, og hins vegar í ON Power ohf, sem er með starfrækslugjaldmiðil bandaríkjadollar.

Starfsemi Orku náttúrunnar felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakilsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði, rekstur jarðhitasýningar, götulýsingar og hleðslustöðva.

Starfsemi ON Power felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Hellisheiðarvirkjun, kaup og sölu á rafmagni á heildsölumarkaði, sölu á rafmagni til stórnotenda í erlendum gjaldmiðli ásamt rekstri og uppbyggingu jarðhitagarðs.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. *Reikningsskilaaðferðir*

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en þeim er lýst í skýringu 17.

b. *Matsaðferðir*

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir og áhættuvarnarsamningar hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Ársreikningur félagsins er birtur í bandarískum dollurum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum USD nema annað sé tekið fram.

d. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 9 um varanlega rekstrarfjármuni.

Skýringar

3. Uppskipting félagsins

Frá 1. janúar 2019 var félaginu skipt upp og starfsemi sem felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakílsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði, rekstur jarðhitasýningar, götulýsingar og hleðslustöðva færð í nýtt systurfélag, Orku náttúrunnar ohf. Uppskiptingin hefur eftirfarandi áhrif á upphafsstöður ársins 2019:

	31.12.2018	Áhrif upp- skiptingar	1.1.2019
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.050.989	(278.110)	772.880
Áhættuvarnarsamningar (langtímaeign)	980	0	980
Viðskiptakröfur	11.176	(2.154)	9.023
Áhættuvarnarsamningar (skammtímaeign)	6.675	0	6.675
Aðrar skammtímakröfur	1.349	(6)	1.343
Kröfur á tengd félög	46.241	(11.740)	34.501
Handbært fé	509	0	509
Eignir samtals	1.117.920	(292.009)	825.911
Eigið fé			
Hlutfé	217.369	(17.422)	199.948
Endurmatsreikningur	216.410	(128.006)	88.404
Lögbundinn varasjóður	10.826	(866)	9.960
Óráðstafað eigið fé	101.411	(592)	100.819
Eigið fé samtals	546.016	(146.886)	399.130
Skuldir og skuldbindingar			
Langtímalán frá tengdum félögum	476.611	(112.260)	364.351
Áhættuvarnarsamningar (langtímaskuld)	5.022	0	5.022
Tekjuskattskuldbinding	42.654	(26.951)	15.703
Viðskiptaskuldir	10.549	0	10.549
Næsta árs afborgun langtímaskulda við tengd félög	23.854	(4.678)	19.176
Ógreiddir reiknaðir skattar	6.782	0	6.782
Áhættuvarnarsamningar (skammtímaskuld)	87	0	87
Aðrar skammtímaskuldir	2.737	(1.082)	1.655
Skuldir við tengd félög	3.607	(152)	3.454
Skuldir og skuldbindingar samtals	571.903	(145.123)	426.780

4. Rekstrartekjur

	2019	2018
Rafmagn	54.748	129.504
Heitt vatn	19.858	36.041
Aðrar tekjur	2.415	9.158
	77.021	174.703

Samningar vegna sölu á rafmagni til stórnotenda taka breytingum með hliðsjón af breytingum á álverði.

Skýringar

5. Orkukaup og flutningur

	2019	2018
Orkukaup	0	24.160
Flutningur	13.364	13.500
	<u>13.364</u>	<u>37.660</u>

6. Laun og launatengd gjöld

	2019	2018
Laun	4.449	9.714
Mótframlag í lífeyrissjóð	594	1.308
Önnur launatengd gjöld	397	1.002
	<u>5.440</u>	<u>12.024</u>
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í rekstrareikninginn:		
Laun og launatengd gjöld gjaldfærð í rekstrarreikningi	4.451	10.611
Eignfært á framkvæmdir	990	1.413
	<u>5.440</u>	<u>12.024</u>
Fjöldi ársverka	60,4	92,2

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra á árinu námu 127 þúsund USD (2018: 335 þúsund USD).

7. Annar rekstrarkostnaður

	2019	2018
Viðhaldskostnaður	7.592	13.356
Þjónustusamningar	3.111	7.494
Rekstur fasteigna	1.374	2.251
Rekstrartryggingar	822	664
Skrifstofukostnaður	298	1.385
Aksturskostnaður	389	1.442
Vörur til endursölu	71	528
Starfsmannakostnaður	169	278
	<u>13.825</u>	<u>27.399</u>
Þóknun greidd til endurskoðanda:		
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	10	27
Önnur þjónusta greidd til endurskoðanda	0	19
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	<u>10</u>	<u>46</u>

8. Tekjuskattur

	2019	2018
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	1.627	6.782
Breyting á frestuðum tekjuskatti	(459)	3.004
Gjaldfærður tekjuskattur	<u>1.168</u>	<u>9.785</u>
Virkt skatthlutfall greinist þannig:		
Hagnaður ársins fyrir tekjuskatt	<u>6.159</u>	<u>57.344</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	1.232
Óskattskyldar tekjur	(0,8%) (47)	20,0%
Áhrif vegna leiðréttinga á tekjum 1.1.2018	0,0%	0 (1,9%) (1.094)
Gengismunur	(0,3%) (17)	(1,0%) (589)
Virkur tekjuskattur	<u>19,0%</u>	<u>1.168</u>
		<u>17,1%</u>
		<u>9.785</u>

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
31.12.2019				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.560.361	104	3.910	1.564.375
Eignir fluttar í Orku náttúrunnar 1.1.2019	(658.902)	(104)	(3.910)	(662.916)
Endurmat hækkun	41.415	0	0	41.415
Viðbætur á árinu	31.114	0	0	31.114
Staða í árslok	973.988	0	0	973.988
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	513.043	41	302	513.386
Eignir fluttar í Orku náttúrunnar 1.1.2019	(384.463)	(41)	(302)	(384.806)
Endurmat, hækkun	9.842	0	0	9.842
Afskrifað á árinu	24.411	0	0	24.411
Staða í árslok	162.832	0	0	162.832
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1.2019	1.047.318	63	3.608	1.050.989
Bókfært verð 31.12.2019	811.155	0	0	811.155
31.12.2018				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.414.029	104	1.892	1.416.024
Endurmat hækkun	105.033	0	0	105.033
Viðbætur á árinu	41.300	0	2.018	43.318
Staða í árslok	1.560.361	104	3.910	1.564.375
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	446.933	39	182	447.154
Endurmat, hækkun	32.918	0	0	32.918
Afskrifað á árinu	33.192	2	120	33.314
Staða í árslok	513.043	41	302	513.386
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1. 2018	967.096	64	1.710	968.870
Bókfært verð 31.12. 2018	1.047.318	63	3.608	1.050.989

Endurmat

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmat er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádrögnum tekjuskatti samanber skýringu 16 c. Gangvirði viðkomandi eigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Endurmat framleiðslukerfa fyrir heitt vatn var framkvæmt 30.09.2019. Endurmat var framkvæmt vegna framleiðslueigna rafmagns í árslok 2018 en það er hluti af reglubundnu endurmati eigna fyrirtækisins. Endurmatið á árinu leiddi til hækkunar á bókfærðu verði þessara eigna að fjárhæð 31,6 milljón USD.

Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok

	Framleiðslukerfi	
	31.12.2019	31.12.2018
Endurmetið bókfært verð	811.155	1.047.318
Þar af áhrif endurmats	(140.349)	(256.090)
Bókfært verð án endurmats	670.806	791.229

Skýringar

9. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.

Fasteignamat og váttryggingaverðmæti

Í árslok 2019 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 72,9 milljónum USD (2018: 119,6 milljónir USD) og brunabótamat þeirra nam 129,0 milljónum USD (2018: 181,6 milljónir USD). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 624 milljónum USD í árslok 2019 (2018: 903,3 milljónir USD).

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð miðað við stöðu eigna í árslok 2019 til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Virðisrýrnunarpróf voru gerð á tvær sjóðskapandi einingar, heitavatnsframleiðslu og rafmagnsframleiðslu. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar. Ekki eru líkur á virðisrýrnun hjá heitavatnsframleiðslu þar sem umframvirði er töluvert. Próf fyrir rafmagnsframleiðslu er þó næmt fyrir breytingum á lykilforsendum.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- i) Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 4,22% til 7,65%, (2018: 4,44% til 8,73%)
- ii) Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0% til 6,54%, (2018: 0% til 7,65%)

Ef ávöxtunarkrafa hækkar um 1 prósentustig en öðrum forsendum er haldið óbreyttum þá reiknast virðisrýrnun í rafmagnsframleiðslu 16,5 milljónir USD. Ef að áætluð EBITDA er 13,5% lægri á ári út áætlunartímabilið en öðrum forsendum er haldið óbreyttum reiknast virðisrýrnun rafmagnsframleiðslu upp á 14 milljónir USD.

Nánar er fjallað um endumat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 17 c.

10. Áhættuvarnarsamningar

Gerðir hafa verið áhættuvarnarsamningar við móðurfyrirtækið til að takmarka áhættu félagsins gagnvart breytingum á álverði og áhrifum þess á raforkusölusamninga. Á árinu 2019 var færsla yfir rekstur vegna gangvirðisbreytinga og uppgjörs þeirra jákvæð um 479 þúsund USD (31.12.2018: jákvæð um 6,4 milljónir USD). Í lok ársins var nettóstaða opinna samninga eign að fjárhæð 198 þúsund USD (31.12. 2018: eign að fjárhæð 2,5 milljónir USD), en þeir eru skráðir í efnahag meðal eigna og skulda.

11. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur	4.232	11.372
Óbein niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(32)	(196)
	<u>4.201</u>	<u>11.176</u>
Kröfur á tengd félög greinast þannig:		
Kröfur á móðurfyrirtæki vegna ávöxtunar á handbæru fé	33.623	45.725
Aðrar kröfur á tengda aðila	604	516
	<u>34.227</u>	<u>46.241</u>
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	1.297
Aðrar kröfur	45	52
	<u>45</u>	<u>1.349</u>

12. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í lok ársins nemur 33,6 milljónum USD og er fært á meðal krafna á tengd félög í efnahagsreikningi (31.12.2018: 45,7 milljónir USD).

Skýringar

13. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í USD	364.351	383.528
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	0	116.938
	364.351	500.465
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(19.176)	(23.854)
	345.175	476.611

Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2019	-	23.854
Afborganir 2020	19.176	23.854
Afborganir 2021	19.176	23.854
Afborganir 2022	19.176	23.854
Afborganir 2023	19.176	23.854
Afborganir 2024	19.176	-
Afborganir síðar	268.469	381.196
	364.351	500.465

14. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2019	31.12.2018
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	42.654	25.227
Tekjuskattsskuldbinding færð út við skiptingu	(26.951)	0
Leiðrétting á stöðu 1.1. vegna skiptingar	732	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	1.168	9.785
Tekjuskattur til greiðslu	(1.627)	(6.782)
Tekjuskattsáhrif af endurmati ársins	6.315	14.423
Gengismunur á skatta til greiðslu	8	0
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	22.298	42.654

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir	21.722	41.071
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	36	
Áhættuvarnarsamningar	40	509
Frestaður gengismunur	500	740
Aðrir liðir	0	334
	22.298	42.654

15. Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskiptaskuldir	8.128	10.549
Aðrar skammtímaskuldir:		
Ógreidd laun og launatengdir liðir	1.077	533
Ógreitt viðbótarframlag í lífeyrissjóðinn Brú	0	1.600
Ógreiddur virðisauka- og orkuskiptur	750	604
	1.827	2.737

Skýringar

16. Viðskipti og stöður við fyrirtæki innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

	2019	2018
Kaup af félögum og stofnunum í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	5	6
Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	6.725	6.762
Sala til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	38.487	42.730
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	(17.313)	(19.183)
	<u>27.904</u>	<u>30.315</u>
Vaxtatekjur vegna inneignar hjá móðurfyrirtæki.....	1.065	2.128
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(16.337)	(25.423)
	<u>(15.271)</u>	<u>(23.296)</u>
Kröfur á tengd félög	31.12.2019	31.12.2018
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	869	730
Krafa á móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	33.623	45.725
Krafa á systurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur - Vatns- og fráveita sf.....	92	97
Krafa á systurfélag, Veitur ohf.....	500	408
Krafa á systurfélag, Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.....	12	10
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>34.227</u>	<u>46.241</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	0	0
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	3.593	3.606
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	33.763	0
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>37.357</u>	<u>3.606</u>

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 13 og laun stjórnenda í skýringu 6.

Kröfur og skuldir við tengd félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi.

Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtalin.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi og miðar fyrirtækið við miðgengi í dagslok skv. Seðlabanka Íslands. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað.

ON Power hefur USD sem starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónan er sá gjaldmiðill sem hefur mest áhrif þar á eftir á reikningsskil félagsins. Gengi USD gagnvart krónunni var eftirfarandi:

	2019		2018	
	Meðalgengi	Árslokagengi	Meðalgengi	Árslokagengi
ISK	0,815	0,826	0,923	0,860

b. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Upphaflega eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir til eignar á kostnaðarverði sem samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað og launakostnað, annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun, auk kostnaðar sem áætlað er að muni falla til við niðurrif eigna telst vera hluti af kostnaðarverði eignanna. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattskuldbindingu. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlaun endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Gangvirði eigna er ákvarðað miðað við afskrifað endurstofnverð. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetið í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning er stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi um verðbreytingar á kostnaðarliðum og tekið tillit til áætlunar um vægi hvers kostnaðarliðar í heildarkostnaði við byggingu samskonar eigna. Kostnaðarliðir og hlutfallslegt vægi þeirra er ákvarðað af sérfræðingum innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Einnig er litið til niðurstöðu virðisrýmunarprófs sem framkvæmt er af sérfræðingum innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og endurmat ekki fært umfram vænt framtíðarsjóðstreymi af viðkomandi eignum.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna. Þegar endurmetnir varanlegir rekstrarfjármunir eru seldir er endurmat þeirra meðal eigin fjár fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

17. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

ii) *Kostnaður sem fellur til síðar*

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) *Afskriftir*

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	7 - 60 ár
Aðrar fasteignir	50 ár
Aðrir lausafjármunir	5 - 25 ár

iv) *Virðisrýrnun*

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

d. *Áhættuvarnarsamningar*

Félagið hefur gert áhættuvarnasamninga til varnar mögulegum sveiflum á álverði vegna áhrifa þess á raforkusölusamninga. Hagnaður eða tap vegna þessara samninga eru færð í rekstrarreikning. Opnir samningar eru metnir á núvirtu framtíðargreiðsluflæði og markaðsgögn notuð við verðlagninguna.

e. *Tekjuskattur*

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstigi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Tekjuskattshlutfall er 20% vegna ársins 2019.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstigi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingunni.

Tekjuskattseign sem myndast við upphaf skattskyldu er færð á sama tíma, í rekstrarreikning sem tekjur ársins.